

REGLUR

um breyting á reglum nr. 195/1997 fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag á Héraðssvæði.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Samvinnunefndin skal ljúka störfum fyrir 1. febrúar árið 2001.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 4. mgr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytinu, 19. maí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

Nr. 378

22. maí 2000

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Skeggjastaðahreppi nr. 337/1988.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. 6. málslíður orðast svo: Þá skal og hver húseigandi er tengt hefur hús sitt holræsakerfinu greiða árlega til holræsagerðarinnar 0,3% af fasteignamati húss og lóðar.
- b. 7. málslíður fellur brott.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. maí 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 379

23. maí 2000

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Tunga í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. maí 2000 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Tunga í Hvalfjarðarstrandarhreppi, frá 26. apríl 1994, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna.